

VISTSPORIÐ

Fréttabréf Vistbyggðarráðs

1.tbl. 6.árg. 2. febrúar 2016

Göngutúr og fræðsla í viku vistvænna bygginga

Þann 23. september stóð Vistbyggðarráð fyrir göngutúr með yfirskriftinni *Vistvænar byggingar, fólk og náttúra*. Stoppað var á nokkrum áhugaverðum stöðum og fræðst um vistvænar lausnir í byggð. Lagt var af stað frá umferðamiðstöð BSÍ. Fyrst var gengið að Landspítalanum þar sem



Hulda Stefánsdóttir kynni samgöngu- og umhverfisstefnu spítalans. Þá var stigið upp í strætó á Suðurgötuna þar sem Guðbjartur Magnússon frá Framkvæmdasýslu ríkisins sagði frá vottuðum framkvæmdum við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur sem eru nú í fullum gangi. Ferðin endaði í Norræna húsinu þar sem þær Aðalheiður E. Kristjánsdóttir og Áslaug Traustadóttir kynntu verðlaunahönnun Landmótunar á Vatnsmýrinni við Norræna húsið.

Í ár verður vika vistvænna bygginga haldin dagana 26.september til 2. október.

Meðal efnis

„Blandað flandur“ og fræðsla í viku vistvænna bygginga

Auglýst eftir nýjum starfsnema

Útgáfa fræðsluefnis

Vel sótt námskeið um vistvæna hugsun og umhverfisstöðun bygginga

Rýnt í fortíð og framtíð VBR

Fjölsóttur hádegisfundur um Sjálfbærar ofanvatnslausnir.

Aðildafélög „bjóða heim“.

Norrænum verkefnum fer senn að að ljúka

Aðilafundur og endurskoðun stefnu í október

Fræðsluáætlun/starfsáætlun

Vegvísir um vistvæna þróun þéttbýlis, nú til á íslensku

Samstarfsfundur norrænu Vistbyggðarráðanna í mars

Námskeið um vistvænt skipulag 7. apríl

Aðalfundur í apríl

Fjölsóttur hádegisfundur um sjálfbærar ofanvatnslausnir

Það er greinilegt að margir eru áhugasamir um sjálfbærar ofanvatnslausnir því fullt var út úr dyrum á efri hæðinni á Sólon í hádeginu þann 26. nóvember þegar Heiða Aðalsteinsdóttir ráðgjafi á Alta flutti erindi sem bar heitið „10 góðar ástæður til að innleiða blágrænar ofanvatnslausnir“. Fræðsluerindið var flutt á fyrsta þemafundi skipulagsstofnunar en Vistbyggðarráð var sérstakur samstarfsaðillinn að þessu sinni.



Auglýst eftir starfsnema

Síðastliðið haust var Erla Björg Aðalsteinsdóttir starfnemi í hlutastarfi í 3 mánuði. Hún sinnti m.a. vefsíðu, facebook síðu, vann að umsókn um styrk og tók þátt í að skipuleggja viðburði. Það munaði mikið um hennar framlag og eru henni færðar þakkir fyrir. Nú hefur Vistbyggðarráð auglýst eftir starfsnema á ný og eru þeir sem þekkja til áhugasamra háskólanema í greinum sem tengjast starfsemi Vistbyggðarráðs hvattir til að koma þeim skilaboðum áleiðis, en hægt er að senda póst á vbr@vbr.is og óska eftir frekari upplýsingum.

Útgáfa fræðsluefnis: Híbýli og heilsa og Efnisgæði

Þessi tvö verkefni hlutu styrk frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytið árið 2015. Þau eru bæði afar langt komin og er aðeins eftir að lesa yfir texta og hanna útlit efnisins sem birt verður í vefútgáfu á heimasíðu VBR og hugsanlega gefið út síðar á pappír. Stefnt er að því að klára þessa vinnu fyrir 1. mars.

Óskað er eftir fólki til að rýna þessa texta og eru þeir sem geta tekið það að sér beðnir um að hafa samband við framkvæmdastýru, en mikilvægt er að Vistbyggðarráð nýti sér þá verðmætu þekkingu og reynslu sem til er innan samtakanna.

Aðildafélög „bjóða heim“

Á þessu starfsári verður ekki verður staðið fyrir hefðbundnum opnum fundum eins og undanfarin ár. Þess í stað verður skipulögð fundaröð þar sem aðildafélög kynna sína starfsemi og einstök verkefni sem tengjast starfsemi VBR á stuttum morgunfundum annan hvern mánuð en þannig gefst aðildafélögum tækifæri til að bæði miðla reynslu og þekkingu.

Þau aðildafélög sem hafa áhuga á að taka þátt eru beðin um að hafa samband við framkvæmdastýru sem allra fyrst. Eftirtaldir dagar eru merktir morgunfundum í starfsáætlun, en til greina kemur að hliðra til dagsetningum:

- 18. febrúar
- 21. apríl
- 9.júní
- 8. september
- 10. nóvember

Það er vonandi að þessi nýbreytni mælist vel fyrir meðal aðildafélaga. Ef vel gengur verður það skoðað hvort þessum fundum verði fjölgað.

Norrænum verkefnum fer senn að ljúka

Undanfarin 2 ár hefur VBR tekið þátt í 2 norrænum samstarfsverkefnum sem er nú senn að ljúka. Þetta eru verkefni; *Nordic Framework for Urban Development* og *Nordic Guide for Sustainable Material*. Nú er nýbúið að þýða yfir á íslensku, vegvísi um vistvæna þróun þéttbýlis sem er aðal afurð fyrri verkefnisins, en verið er að leggja lokahönd á leiðbeiningarit um vistvæn byggingarefni og munu bæði þessi verkefni verða nánar kynnt á vettvangi Vistbyggðarráðs. Fjárhagsleg lokauppgjör verkefna verða á vormánuðum.

Hægt er að kynna sér verkefni og skoða kynningar og fundagerðir á heimasíðu Vistbyggðarráðs undir- starfsemi-vinnuhópar.

Vel sótt námskeið um vistvæna hugsun og umhverfsvottun bygginga

Þann 14. janúar síðastliðinn stóð VBR fyrir hálf dags námskeiði þar sem fókus var á vistvottunarkerfið Breeam fyrir byggingar. Einnig voru tekin fyrir þrjú dæmi um vistvottaðar byggingar og mismunandi áherslur og ákoranir í því ferli. Það er greinilegt að þörf er fyrir afmörkuð og stutt námskeið á þessu sviði, en tæplega 40 skráðu sig á námskeiðið í janúar. Stefnt er að því að endutaka námskeið í haust en dagsetning verður auglýst síðar. Þá eru setta fram tillögur um fleiri og fjölbreyttari námskeið í fræðsluáætlun.

Rýnt í fortíð og framtíð VBR

Á aðilafundinum sem haldinn var í október var bæði horft til baka en líka fram á veg í starfsemi Vistbyggðarráðs. Farið var yfir stefnu samtakanna frá 2013-2015, hvað hefur áunnist og hvað ekki og því velt upp hvort ástæða væri til að breyta um stefnu miðað við stöðuna í dag.

Flestir fundamenn voru sammála um að það þyrfti ekki að gera, meginmarkmiðin væru þau sömu en e.t.v. þyrfti að fjölbreyttari aðferðir til að ná til fólks í dag, einkum þeirra sem eru að kaupa eða leigja í

fyrsta sinn. Einnig var farið yfir viðhorfskönnun sem gerð var meðal aðildafélaga. Helstu niðurstöður voru þessar:

- Það vantar frekari kynningu á íslenskum verkefnum
- Jákvætt viðhorf varðandi kostun viðburða og birtingu lógó aðila í tengslum við það.
- Eftirspurn er eftir meiri fræðslu um vottun bygginga
- Nokkur ánægja með það sem gert hefur verið og það sem er í gangi, bæði umfang og efni.
- Mætti auka umræðu og fræðslu
- Þarf að bæta facebook síðu og efla kynningu meðal fagfélaga.
- Efnisleg áhersla á samgöngur, vistvænar byggingar, blöndun byggðar og úrgangsmál.

Hægt er að skoða könnunina í heild sinni á vefsíðunni, undir Starfsemi, niðurstöður/skýrslur.

Fræðsluáætlun 2016

Unnin hafa verið drög að fræðsluáætlun fyrir árið 2016 sem kynnt verður innan skamms. Gert er ráð fyrir að endurtaka námskeið um vistvottun bygginga og þann 7. apríl verður haldið námskeið um vistvænt skipulag í samvinnu við Skipulagsstofnun. Þá stendur til að halda sérstakt námskeið um vistvæn byggingarefni og fleira sem verið er að skoða. Með stuttum námskeiðum gefst tækifæri til að fara dýpra í ákveðna og afmarkaða þætti sem síður er hægt að gera á opnum fundum. Á árinum 2016 verður lögð áhersla á að bæði efla kynningu á verkefnum og tengslanet aðildafélaga. Aukin áhersla á fræðslustarf endurspeglast þá í starfsáætlun ársins.

Fundur norrænu vistbyggðaráðanna í Stokkhólmi í mars

Undanfarin fimm ár hefur samstarf norrænu vistbyggðarráðanna verið nokkuð reglulegt og afar gagnlegt. Það hefur að mestu leyti farið fram í

tengslum við samstarfsverkefni með styrk frá Nordic Built, en einnig hafa verið haldnar fjórar sameiginlegar ráðstefnur, sú síðasta í Kaupmannahöfn í apríl 2015.



Það er mikilvægt að viðhalda þessum tengslum og hefur nú verið boðað til sameiginlegs fundar starfsmanna og stjórnna vistbyggðarráðanna í Stokkhólmi þann 11. mars næskomandi. Ætlunin er fyrst og fremst að bera saman bækur og þá skoða mögulegt. Framkvæmdastýra mun sækja þennan fund fyrir hönd Vistbyggðarráðs, en að auki er mögulegt að einn fulltrúi úr stjórn geti mætt á fundinn.

Námskeið um vistvænt skipulag 7. apríl

Vistbyggðarráð stendur að hálf dags námskeiði um vistvænt skipulag í samstarfi við Skipulagsstofnun fimmtudaginn 7. apríl. Á námskeiðinu verður farið yfir hvaða helstu þættir einkenna vistvænt skipulag. Sérstök áhersla verður lögð á að skoða hvernig hægt er að auka vishæfi eldri hverfa með endurskoðun skipulagsáætlana. Farið verður yfir vistvottunarkerfið Breeam Communities og Norrænan vegvísi fyrir vistvæna þróun þéttbýlis, en einnig verða kynnt stuttlega önnur vottunarkerfi fyrir skipulag. Námskeið þetta er ætlað bæði þeim sem eru að vinna við skipulag en einnig þeim sem koma að framkvæmdum og stefnumótun. Nánari lýsing og dagskrá verður auglýst þegar nær dregur.

Aðalfundur 14. apríl

Aðalfundur verður haldinn að venju í apríl, eða fimmtudaginn 14. apríl, síðdegis. Samkvæmt lögum félagsins þarf að boða til aðalfundar með minnst tveggja vikna fyrirvara og birta lagabreytingar ef einhverjar eru. Þau aðildafélög sem hafa hug á að tilnefna aðila í stjórn geta sent þær beint til framkvæmdastýru. Skipunartími hvers stjórnarmanns er tvö ár í senn. Aðeins fulltrúar þeirra aðildarfélaga sem tilnefndir hafa verið eru kjörgengir til stjórnar félagsins á aðalfundi

Vistbyggðarráð er samráðsvettvangur fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana í mannvirkjageiranum sem eiga það sameiginlegt að stefna að aukinni útbreiðslu á vistvænum byggingaraðferðum, hönnun og skipulagi.



Ofanleiti 2, 103 Reykjavík (hjá Verkís)

Sími: 5712700/ Gsm: 8403838

Netfang: vbr@vbr.is

Vefsíða: www.vbr.is

Útg./ábyrgðamaður: Sigríður Björk Jónsdóttir framkvæmdastýra

